

Sumar 2013

Komið sæl

Nú er sumarið aldeilis komið til okkar og það líka með látum. Um 17-20 stiga hiti hefur verið undanfarna daga sem er ágætt fyrir okkur en á móti má sjá vatnavexti víða sem orsaka því miður skaða á einstaka eignum, túnin eru á floti og hafa smáfuglarnir tapað hreiðrum sínum og eggjum á árbökkum. Girðingin okkar er skemmd á stórum parti og bíðum við nú eftir að hún verði lagfærð. Við horfum nú samt björtum augum til framtíðar með von í hjarta að náttúran nái áttum og að sumarið verði öllum ánægjulegt. Nokkrir drengir fæddir 2009 eru nú að ljúka aðlögun í Kátakoti og óskum við þeim alls hins besta í framtíðinni. Restin af árganginum flytur svo að sumarleyfi loknu. Aðlögun nýrra barna hefst strax að loknu sumarleyfi.


Sveitaferðin í maí var frábær og fengum við góðar móttökur hjá ábúendum á Hofsá. Við þökkum þeim innilega fyrir. Elstu börnin voru útskrifuð og foreldrafélagið grillaði pylsur og færum við þeim bestu þakkir. Útskriftarferð árgangs 2009 heppnaðist einstaklega vel enda lék veðrið við okkur og börnin áttu skemmtilega stund með kennurum sínum. Farið var að sjá slökkviliðsbílinn hjá Villa, klifurveggurinn prófaður, Kátakot heimsótt og svo voru grillaðar pylsur og borðaður ís áður en haldið var aftur í leikskólann.

Bjarney okkar ætlar að hefja nám á haustdögum og fer í árs leyfi frá störfum. Smá breytingar verða á deildarstjórnastöðum fram að áramótum en hún Arna ætlar að taka við deildarstjórn á Hólakoti þar til hún Anna Lauga kemur úr fæðingarorlofi. Steinnun ætlar að taka við stjórninni á Skýjaborg fram að áramótum en þá fer Arna aftur á Skýjaborg.

Fiskidagurinn

Leikskólabörn syngja í vináttukeðjunni föstudaginn 9. ágúst 2012.

Allir velkomnir.



Fjör í útskriftarferð árgangs 2009 árið 2013 Klifurveggurinn prófaður



Foreldraráð 2012-2013

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Erna Þórey (Vala Katrín og Egill Bjarki)

Hanna (Hákon Þór)

Helga (Ingólfur Oddi og Eyrún Hekla)

Karl Ingi (Briet Þóra)

Kærar þakkir fyrir samstarfið á liðnu skólaári

Grænfáninn

Við fjárfestum í nýjum fána af því hinn var orðinn slitinn eftir árið. Nú leggjum við áherslu á útisvæðið í sumar.

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Halló Halló

Munið að merkja fót barnanna, skó og buff.

Kærar þakkir frá öllum í Krílakoti

Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Sumarlokun Krílakots

Leikskólinn er lokaður frá 15. júlí og opnar aftur þann 14. ágúst kl 12:15

Gleðilegt sumar

Vinna við lóðina í Krílakoti

Vinnudagur í Krílakoti þann 29. júní 2013

Á fundi með foreldrafélagi og foreldraráði var ákveðið að prófa að hafa vinnudag með foreldrum. Hugmyndin er að laga þínu til að lóðinni, grjóthreinsa, setja niður plöntur, útbúa fána til skrauts, fúaverja og jafnvel útbúa bílabraut og setja upp fleiri hljóðfæri.

Einnig kom hugmynd að útbúa heimiliskrök fyrir börnin inni á Græna svæði. Þetta er þó allt gert eftir samkomulagi við leikskólastjóra og svo garðyrkjustjóra.

Þeir foreldrar sem hafa áhuga eru hvattir til að láta vita af sér svo við vitum nokkurnveginn fjöldann. Senda póst á drifa@dalvikurbyggd.is

Ef einhver á gamla pollagalla, gúmmískó, stígvél og/eða Crocs skó sem á að henda viljum við endilega fá að nýta það í að gera lóðina okkar skrautlega og skemmtilega, nýta gallana í fánagerð og skóna í blómapottagerð.

Ef foreldrar hafa einhverjar hugmyndir að einhverju skemmtilegu þá er ekki verra að mæta með þær hugmyndir með sér á vinnudaginn eða senda okkur í tölvupósti. Einnig ef þið eigið afleggjara eða plöntur sem þið eruð að hreinsa til hjá ykkur eru þær vel þegnar í garðinn okkar.

Bestu kveðjur og sjáumst hress



Foreldrafélag Krílakots
Skólaárið 2012-2013

Ágústa Kristín (Magnea Kristín)

Guðrún Ósk (Ásdís Inga)

Snæþór (Hólmar Elí)

Þökkum samstarfið á liðnu skólaári

Hæ hæ

Viltu starfa með stjórn
foreldrafélags Krílakots.

Hafðu þá samband við
Ágústu Kristínu, formann
foreldrafélagsins, eða við
leikskólastjóra.

Athugið

Samkvæmt lögum skal ökumaður sjá til þess að börn undir 15 ára séu í ákveðnum öryggis- og verndarbúnaði. Það kemur fyrir að börn eru laus í bílum þegar þau koma í leikskólann eða fara.

Starfsmönnum ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð barna sé ógnað.

Höfum börnin alltaf í
öryggisbúnaði



Námsáætlun sumarið 2013

Við ákváðum að gera áætlun um útikennslu fyrir sumarið svo þið foreldrar getið fylgst með hvað er um að vera hjá okkur. Við munum skipta börnunum á Skakkalandi í 3 hópa og einnig Hólakoti í 3 hópa og fara börnin í tóna, læsi og útileiki til skiptis á mánu-, þriðju- og miðvikudögum. Skýjaborg verður með önnur plön og má sjá þau á mánaðarskrá. Á fimmtudögum ætla allar deildir að hafa sulludaga og þá fer lækurinn í gang og því gott að hafa stígvél og pollabuxur meðferðis. Á föstudögum er frjáls leikur hjá öllum á útisvæði en söngfundurinn færist á útisvæði og verður klukkan 10:00. Aldrei að vita nema kennarar bregði á leik eða skelli á leiksýningum í sumar.

Eftir hvíldina er val um útiveru eða gönguferð ásamt öðrum verkefnum hjá Skakkalandi og Hólakoti en Skýjaborg vinnur út frá svefnaðstæðum hverju sinni.

Í lok dags reynum við að enda daginn úti en það fer eftir veðrum, vindum og barnahópnum.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
10-10:20	Læsi hópar 1 Tónar hópar 2 Útileikir hópar 3	Læsi hópar 3 Tónar hópar 1 Útileikir hópar 2	Læsi hópar 2 Tónar hópar 3 Útileikir hópar 1	Sulldagur— lækurinn í gangi	Söngfundur, leikrit eða önnur skemmtun á útisvæði
10:20-11:00	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Frjáls leikur	Sulludagur	Frjáls leikur
12:30-14	Val- útivera	Val—gönguferð	Val- útivera	Val— gönguferð	Val— útivera